



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Minnisblað - 4. nóvember 2018**

**Lántaka - Lánasjóður sveitarfélaga**

**Málsnr. 1806284**

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 var gert ráð fyrir andvirði sala lóða í Skarðshlíð næmi um 1,6 milljarði króna. Sala lóða hefur frestast þar sem seinkun hefur orðið á flutningi rafmagnslína. Því er lagt til að tekið verði lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga í lánaflokki LSS55 um allt að 900 milljóna króna til viðbótar við þær 500 milljónir sem þegar hafa verið teknar á árinu. Lánin eru til 37 ára og henta því vel í langtímafjármögnun en þau eru jafnframt uppgreiðanleg eftir 27 ár. Lánin eru með jöfnum afborgunum, verðtryggð og með föstum vöxtum og er ávöxtunarkrafan nú um 2,6%. Upphaflega var gert ráð fyrir að tekið yrði lán andvirði 1,6 milljarður króna vegna hjúkrunarheimilis á árinu 2019 en hluti þess færir þá fram um eitt ár. Framkvæmdir vegna hjúkrunarheimilis nema nú 1,5 milljarði króna. Hafnarfjarðarkaupstaður er með leigusamning vegna hjúkrunarheimilis til 40 ára til að mæta afborgunum lána.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir lántöku vegna fjármögnunar á kaupum íbúða Húsnæðisskrifstofu fyrir 500 milljónir króna. Búið er að ganga frá lántöku að andvirði 400 milljónum króna og er lagt til að ganga nú frá lántöku á þeim 100 milljónum króna sem eftir standa í lánaflokki LSS55. Lánin eru til 37 ára og henta því vel í langtímafjármögnun en þau eru jafnframt uppgreiðanleg eftir 27 ár. Lánin eru með jöfnum afborgunum, verðtryggð og með föstum vöxtum og er ávöxtunarkrafan nú um 2,6%.

Lagt er til að sækja um lánsloforð hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Hafnarfirði 4. nóvember 2018  
Rósa Steingrimsdóttir  
Sviðsstjóri fjármálasviðs